

**Félag íslenskra
náttúrufræðinga**
Ársreikningur
2025

Félag íslenskra náttúrufræðinga
Borgartúni 27
105 Reykjavík
Kt. 530169-4139

Félag íslenskra náttúrufræðinga

Ársreikningur 2025

Efnisyfirlit

Áritun óháðs endurskoðanda	2-3
Skýrsla stjórnar	4
Rekstrarreikningur	5
Efnahagsreikningur	6
Skýringar	7

Áritun óháðs endurskoðanda

Til stjórnar Félags íslenskra náttúrufræðinga

Álit

Við höfum endurskoðað meðfylgjandi ársreikning Félags íslenskra náttúrufræðinga fyrir árið 2025. Ársreikningurinn hefur að geyma skýrslu stjórnar, rekstrarreikning, efnahagsreikning, upplýsingar um mikilvægar reikningsskilaaðferðir og aðrar skýringar.

Það er álit okkar að ársreikningurinn gefi glögga mynd af afkomu félagsins á árinu 2025 og efnahag þess 31. desember 2025, í samræmi við lög um ársreikninga.

Grundvöllur fyrir álit

Endurskoðað var í samræmi við alþjóðlega endurskoðunarstaðla. Ábyrgð okkar samkvæmt þeim stöðlum er nánar lýst í kaflanum um ábyrgð endurskoðanda hér að neðan. Við erum óháð Félagi íslenskra náttúrufræðinga í samræmi við alþjóðlegar siðareglur fyrir endurskoðendur sem og aðrar siðareglur sem eru viðeigandi við endurskoðun á Íslandi, og höfum við uppfyllt ákvæði þeirra reglna.

Við teljum að við endurskoðunina höfum við aflað nægilegra og viðeigandi gagna til að byggja álit okkar á.

Ábyrgð stjórnar á ársreikningnum

Stjórn er ábyrg fyrir gerð og framsetningu ársreikningsins í samræmi við lög um ársreikninga. Stjórn er einnig ábyrg fyrir því innra eftirliti sem nauðsynlegt er varðandi gerð og framsetningu ársreikningsins, þannig að hann sé án verulegra annmarka, hvort sem er vegna sviksemi eða mistaka.

Við gerð ársreikningsins er stjórn ábyrg fyrir því að meta rekstrarhæfi Félags íslenskra náttúrufræðinga. Ef við á, skal stjórn setja fram viðeigandi skýringar um rekstrarhæfi og hvers vegna þau ákváðu að beita forsendunni um rekstrarhæfi við gerð og framsetningu ársreikningsins, nema stjórn hafi ákveðið að leysa félagið upp eða hætta starfsemi, eða hafi enga aðra raunhæfa möguleika en að gera það.

Stjórn skal hafa eftirlit með gerð og framsetningu ársreikningsins.

Ábyrgð endurskoðanda á endurskoðun ársreikningsins

Markmið okkar er að afla nægjanlegrar vissu um að ársreikningurinn sé án verulegra annmarka, hvort sem er af völdum sviksemi eða mistaka og að gefa út áritun sem felur í sér álit okkar.

Nægjanleg vissu er þó ekki trygging þess að endurskoðun framkvæmd í samræmi við alþjóðlega endurskoðunarstaðla muni uppgötva allar verulegar skekkjur séu þær til staðar. Skekkjur geta orðið vegna mistaka eða sviksemi og eru álitnar verulegar ef þær gætu haft áhrif á fjárhagslega ákvarðanatöku notenda ársreikningsins, einar og sér eða samanlagðar.

Endurskoðun okkar í samræmi við alþjóðlega endurskoðunarstaðla byggir á faglegri dómgreind og beitum við gagnrýnni hugsun við endurskoðunina. Við framkvæmum einnig eftirfarandi:

- Greinum og metum hættuna á verulegri skekkju í ársreikningnum, hvort sem er vegna mistaka eða sviksemi, hönnum og framkvæmum endurskoðunaraðgerðir til að bregðast við þeim hættum og öflum endurskoðunargagna sem eru nægjanleg og viðeigandi til að byggja álit okkar á. Hættan á að uppgötva ekki verulega skekkju vegna sviksemi er meiri en að uppgötva ekki skekkju vegna mistaka, þar sem sviksemi getur falið í sér samsæri, skjálafals, misvísandi framsetningu ársreiknings, að einhverju sé viljandi sleppt eða að farið sé framhjá innri eftirlitsaðgerðum.
- Öflum skilnings á innra eftirliti, sem snertir endurskoðunina, í þeim tilgangi að hanna viðeigandi endurskoðunaraðgerðir, en ekki í þeim tilgangi að veita álit á virkni innra eftirlits félagsins.

Áritun óháðs endurskoðanda

- Metum hvort reikningskilaaðferðir sem notaðar eru, og tengdar skýringar, séu viðeigandi og hvort reikningshaldslegt mat stjórnenda sé raunhæft.
- Ályktum um notkun stjórnenda á forsendunni um rekstrarhæfi og metum á grundvelli endurskoðunarinnar hvort verulegur vafi leiki á rekstrarhæfi eða hvort aðstæður séu til staðar sem gætu valdið verulegum efasemdum um rekstrarhæfi. Ef við teljum að verulegur vafi leiki á rekstrarhæfi ber okkur að vekja sérstaka athygli á viðeigandi skýringum ársreikningsins í áritun okkar. Ef slíkar skýringar eru ófullnægjandi þurfum við að víkja frá fyrirvaralausri áritun. Niðurstaða okkar byggir á endurskoðunargögnum sem aflað er fram að dagsetningu áritunar okkar. Engu að síður geta atburðir eða aðstæður í framtíðinni valdið óvissu um rekstrarhæfi félagsins.
- Metum í heild sinni hvort ársreikningurinn gefi glögga mynd af undirliggjandi viðskiptum og atburðum, metum framsetningu, uppbyggingu, innihald og þar með talið skýringar við ársreikninginn með tilliti til glöggrar myndar.

Okkur ber skylda til að upplýsa stjórn meðal annars um áætlað umfang og tímasetningu endurskoðunarinnar og veruleg atriði sem komu upp í endurskoðun okkar, þar á meðal verulega annmarka á innra eftirlit sem komu fram í endurskoðuninni, ef við á.

Kópavogur, 24. mars 2026.

Deloitte ehf.

Gunnar Þorvarðarson
endurskoðandi

Skýrsla stjórnar

Ársreikningur Félags Íslenskra náttúrufræðinga fyrir árið 2025 er gerður í samræmi við lög um ársreikninga. Hann er gerður eftir sömu reikningsskilaaðferðum og árið áður.

Félag íslenskra náttúrufræðinga er sjálfstætt starfandi stéttarfélag. Meginstarfsemi félagsins er að stuðla að samvinnu og samheldni náttúrufræðinga á Íslandi og vinna að bættum kjörum félagsmanna og gæta hagsmuna þeirra í launa- og réttindamálum. Fjórir fastir starfsmenn voru hjá félaginu á árinu, þar af einn í hlutastarfi, en 32 aðrir fengu greitt fyrir stjórnarstörf og fundarsetu.

Samkvæmt rekstrarreikningi félagsins var tap ársins 2025 kr. 46.228.598. Hrein eign félagsins í árslok nam kr. 179.920.879. Eiginfjárbreytingar koma fram í skýringu um eigið fé í ársreikningnum.

Félag íslenskra náttúrufræðinga á húsnæði að Borgartúni 6 í sameign með öðrum félögum. Húsnæðið hefur verið í sölufæri frá árinu 2024. Félagið flutti starfsemi sína í leiguhúsnæði að Borgartúni 27 í nóvember 2023. Húsnæðiskostnaður hjá félaginu verður þar af leiðandi hærri þar til eignin hefur selst.

Stjórn Félags íslenskra náttúrufræðinga staðfestir hér með ársreikning félagsins fyrir árið 2025 með undirritun sinni.

Reykjavík, 24. mars 2026.

Rekstrarreikningur ársins 2025

	Skýr.	2025	2024
Félagsgjöld		186.412.160	167.833.194
Aðrar tekjur		22.247.127	0
		<u>208.659.287</u>	<u>167.833.194</u>
Framlög til BHM		(49.848.172)	(45.132.268)
Rekstur til húsfélags BHM		(1.528.356)	(4.351.887)
Laun og launatengd gjöld	3	(165.028.275)	(92.698.526)
Annar rekstrarkostnaður		(42.827.200)	(37.249.547)
Afskriftir	4	(493.549)	0
		<u>(259.725.552)</u>	<u>(179.432.228)</u>
Rekstrartap		(51.066.265)	(11.599.034)
Vaxtatekjur og verðbætur		3.849.336	5.652.574
Matsbreyting og hagnaður (tap) af verðbréfum	6	4.944.551	8.853.378
Fjármagnstekjuskattur		(1.390.785)	(3.222.117)
Fjármagnsgjöld		(556.250)	(541.746)
		<u>6.846.852</u>	<u>10.742.089</u>
Hlutdeild í afkomu dóttur- og hlutdeildarfélaganna	5	(2.009.185)	360.174
Tap ársins		<u><u>(46.228.598)</u></u>	<u><u>(496.771)</u></u>

Efnahagsreikningur 31. desember 2025

Eignir	Skýr.	31.12.2025	31.12.2024
Fastafjármunir			
Varanlegir rekstrarfjármunir	4	4.235.019	0
Eignarhlutur í húsfélagi BHM sf	5	45.747.488	47.756.673
		<u>49.982.507</u>	<u>47.756.673</u>
Veltufjármunir			
Útistandandi félagsgjöld		20.533.547	21.775.607
Krafa á Vísindasjóð		2.455.212	1.964.974
Verðbréfaeign	6	98.903.805	91.629.582
Aðrar skammtímakröfur		8.187.264	0
Handbært fé		59.485.895	75.480.795
		<u>189.565.723</u>	<u>190.850.958</u>
Eignir		<u>239.548.230</u>	<u>238.607.631</u>
Eigið fé og skuldir			
Eigið fé			
Samningssjóður	8	36.741.374	24.058.062
Óráðstafað eigið fé	7	143.179.505	202.091.415
Eigið fé		<u>179.920.879</u>	<u>226.149.477</u>
Skammtímaskuldir			
Viðskiptaskuldir		5.521.268	5.838.198
Aðrar skammtímaskuldir		54.106.083	6.619.956
Skuldir		<u>59.627.351</u>	<u>12.458.154</u>
Eigið fé og skuldir		<u>239.548.230</u>	<u>238.607.631</u>

Skýringar

1. Almennar upplýsingar

Félag íslenskra náttúrufræðinga aðildarfélag að Bandalagi háskólamanna og er meginstarfsemi félagsins að stuðla að samvinnu og samheldni náttúrufræðinga á Íslandi og að vinna að bættum kjörum félagsmanna og gæta hagsmuna þeirra í launa- og réttindamálum. Lögheimili félagsins er að Borgartúni 27, 105 Reykjavík.

Fjórir fastir starfsmenn störfuðu hjá félaginu á árinu, þar af einn í hlutastarfi. Einnig fá stjórnarmenn greitt fyrir stjórnarstörf, líkt og árið áður.

2. Reikningsskilaaðferðir

Grundvöllur reikningsskilanna

Ársreikningurinn er gerður í samræmi við lög um ársreikninga. Hann byggir á kostnaðarverðsreikningsskilum fyrir utan að verðbréfaeign er færð á markaðsverði. Ársreikningurinn er gerður eftir sömu reikningsskilaaðferðum og árið áður. Hann er gerður í íslenskum krónum og fjárhæðir eru sýndar í heilum krónum. Stjórnendur félagsins hafa metið rekstrarhæfi þess og telja að félagið hafi grundvöll til áframhaldandi starfsemi.

Matsaðferðir

Stjórnendur þurfa að meta og taka sértækar ákvarðanir er varða mikilvæga liði ársreikningsins og vegna eðlis síns eru háðir mati hverju sinni. Matsaðferðirnar eiga sér stoð í góðri reikningsskilavenju. Raunveruleg verðmæti þeirra liða sem þannig eru metnir, geta við sölu eða aðra ráðstöfun, reynst önnur en niðurstaða samkvæmt matinu.

Handbært fé

Til handbærs fjár teljast bankainnstæður

Innlausn tekna

Félagsgjöld eru færð miðað við innsendar skilagreinar, á því tímabili sem skilagreinar tilheyra. Vaxtatekjur eru færðar í rekstrarreikning þegar þær falla til.

3. Laun og launatengd gjöld

	2025	2024
Laun starfsmanna og stjórnar	96.801.654	71.553.559
Lífeyrissjóður	13.029.211	9.251.446
Önnur launatengd gjöld	13.909.713	11.893.521
Starfslokasamningur	41.287.697	0
	<u>165.028.275</u>	<u>92.698.526</u>

Fjöldi ársverka á árinu var 3,7. Fjöldu ársverka árið á undan var 3,5.

Skýringar

4. Varanlegir rekstrarfjármunir

Áhöld og tæki

Kostnaðarverð

Staða 1.1.2025	0
Eignfært á árinu	4.728.568
Staða 31.12.2025	4.728.568

Afskriftir

Staða 1.1.2025	0
Afskrift ársins	493.549
Staða 31.12.2025	493.549

Bókfært verð

Staða 1.1.2025	0
Staða 31.12.2025	4.235.019
Afskriftarhlutföll	20-30%

5. Eignarhlutir í öðrum félögum

Félag íslenskra náttúrufræðinga á 10,19% eignarhlut í Húsfélagi BHM sf. sem stofnað var á árinu 2004. Eignarhluturinn er færður skv. hlutdeildaraðferð. Með aðferðinni er tekið tillit til rekstrarárangurs og annarra breytinga á eigin fé félagsins.

Breytingar á eignarhlut í Húsfélagi BHM á árinu greinast þannig:

	2025	2024
Eignarhlutir í Húsfélagi BHM í byrjun árs	47.756.673	47.396.499
Afskrift yfirverðs	(66.261)	(67.613)
Hlutdeild í afkomu ársins	(1.942.924)	427.787
	<u>45.747.488</u>	<u>47.756.673</u>

Skýringar

6. Verðbréfaeign

	2025	2024
Íslensk verðbréf, félagssjóður	78.838.756	72.998.118
Íslensk verðbréf, samningssjóður	25.128.823	23.202.024
Fjármagnstekjuskattur af óinnleystum hagnaði	<u>(5.063.774)</u>	<u>(4.570.560)</u>
	<u>98.903.805</u>	<u>91.629.582</u>

Gangvirðisbreytingar færðar í rekstrarreikning greinast þannig:

Íslensk verðbréf, félagssjóður	3.746.318	6.712.752
Íslensk verðbréf, samningssjóður	<u>1.198.233</u>	<u>2.140.626</u>
	<u>4.944.551</u>	<u>8.853.378</u>

7. Samningssjóður

Ávöxtun sjóðsins var jákvæð um 1,2 millj. á árinu 2025 að frádregnum þóknunum og fjármagnstekjuskatts. Samningssjóður er færður á sérstakan eiginfjárreikning þar sem óheimilt er að ráðstafa fjármunum til annars en samningagerðar.

8. Eigið fé

	Samnings- sjóður	Óráðstafað eigið fé	Samtals
Staða 1.1	24.058.062	202.091.415	226.149.477
Leiðrétting vegna fyrri ára	11.485.079	(11.485.079)	0
Ávöxtun samningssjóðs	1.198.233	(1.198.233)	0
Afkoma ársins	0	<u>(46.228.598)</u>	<u>(46.228.598)</u>
Staða 31.12	<u>36.741.374</u>	<u>143.179.505</u>	<u>179.920.879</u>

9. Leigusamningar

Félag íslenskra náttúrufræðinga, samhliða öðrum aðildafélögum BHM, hefur gert húsaleigusamning um leigu skrifstofuhúsnæðis við Borgartún 27, 105 Reykjavík, sem gildir til 30. júní 2031. Gjaldfærðar leigugreiðslur á árinu 2025 námu kr. 12,7 millj. kr. (2024: 11,5 millj. kr).